

Starfsskilyrði fyrir kanínurækt

Samræmd starfsskilyrði vegna mengunarvarna, sbr. 8. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit, með síðari breytingum.

Rekstraraðila ber ávallt að uppfylla skilyrði þessi og almenn skilyrði. Einnig skal tryggja að starfsemi hans sé í samræmi við ákvæði laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og reglugerða settar samkvæmt þeim.

1. MENGUNARVARNIR OG BÚNAÐUR

Rgl.nr.

1.1	Lyf, lyfjaleifar og hættuleg og varasöm efni skulu geymd í læstri og loftræstri geymslu. Lyfjaleifum og spilliefnum skal jafnóðum komið til viðurkenndrar spilliefnamóttöku.	806/1999
1.2	Nota skal lokuð og vökvaheld ílát við tímabundna geymslu dýrahreja og flutning á förgunarstað. Förgun á dýrahrejum er einungis heimil á förgunarstað sem hefur til þess starfsleyfi.	737/2003
1.3	Verði vart við meindýr skal sjá til þess að þau hafist ekki við eða taki sér bólfestu á athafnasvæðum rekstraraðila. Rekstraraðili skal hindra aðgang villtra fugla og spendýra sem sækja að hreinsibúnaði og úrgangi. Ávallt skulu þó slíkar ráðstafanir vera í samræmi við lög nr. 64/1994 um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum nr. 55/2013 um velferð dýra.	737/2003 16. og 17. gr.
1.4	Fráveita skal vera í samræmi við kröfur reglugerðar um fráveitur og skólp. Um fyrirkomulag og staðsetningu hreinsivirkja frárennslis skal fara samkvæmt fyrirmælum byggingarnefndar og heilbrigðisnefndar.	798/1999

1.5	<p>Dýraskít, hálm og hey úr kanínubúum skal meðhöndla á þann hátt að ekki skapist mengun við geymslu og dreifingu. Rekstraraðili skal tryggja:</p> <p>a) Að fyrir liggi samþykkt framkvæmdaáætlun um dreifingu þar sem m.a. kemur fram áætlað magn, dreifingartími, dreifingarstaðir og samþykki landeiganda sé rekstraraðili ekki eigandi lands.</p> <p>b) Að ekki sé hætt á að dreifing valdi mengun í vatnsbólum eða í yfirborðsvatni.</p> <p>c) Að tryggt sé að dreifing valdi ekki öðrum óþægindum eða ama s.s. vegna lyktar eða óþrifnaðar.</p> <p>d) Að fylgt sé þeim sértæku kröfum sem heilbrigðisnefnd setur dreifingunni s.s. er varða tímatakörk og magn á flatareiningu o.þ.h. sbr. leiðbeiningar um góða búskaparhætti sem m.a. má finna á heimasíðu Umhverfisstofnunar.</p> <p>e) Að við kanínubú séu vandaðar og þéttar hauggeymslur</p>	737/2003, rgl. nr. 796/1999, rgl. nr. 787/1999 og rgl. nr. 804/1999
1.6	Óheimilt er að dreifa skít á stöðum þar sem hann getur mengað læki, ár, eða vatnsból.	796/1999 5. gr. og rgl. nr. 804/1999 5. gr.
1.7	Geymslu skít frá kanínubúum skal þannig fyrir komið að ekki sé hætt á mengun í vatnsbólum eða í yfirborðsvatni. Þurrskít skal geyma fram að dreifingu á þann hátt að ekki sé hætt á útskolun, t.d. með yfirbreiðslu. Blautskít skal geyma í safnþró fram að dreifingu. Um gerð þróar er vísað til starfsreglna um góða búskaparhætti.	796/1999, og rgl. nr. 804/1999
1.8	Ef yfirfall er á safnþró skal það fara í siturlögn í samræmi við leiðbeiningar Umhverfisstofnunar.	798/1999
1.9	Safnþrær, fráveitur og geymslur fyrir úrgang skulu vera í samræmi við kröfur heilbrigðisnefndar.	737/2003 og rgl. nr. 798/1999
1.10	Hvers konar urðun eða brennsla á úrgangi, þ.m.t. dýrahæjum, á athafnasvæði rekstraraðila er óheimil.	737/2003
1.11	Ef í ljós kemur að loftmengun eða ólykt frá starfsemi veldur fólki á nærliggjandi landareignum óþægindum er heilbrigðisnefnd heimilt að krefjast sérstakra aðgerða.	787/1999
1.12	Um förgun og notkun aukaafurða dýra og afleiddar afurðir sem ekki eru ætlaðar til manneldis gildir reglugerð nr. 674/2017, sbr. reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009.	674/2017
1.13	<p>Rekstraraðili skal taka upp innra eftirlit þar sem jafnóðum eru skráðir eftirfarandi þættir starfseminnar:</p> <p>a) Fjöldi kanína.</p> <p>b) Fjöldi sláturdýra og sjálfdaudra dýra.</p>	

- | | |
|--|--|
| <ul style="list-style-type: none">c) Fjöldi strokudýra.d) Tæming þróa, dagsetning losunar og áætlað magn skíts.e) Söfnun, geymsla og dreifing búfjáraðurar.f) Förgun úrgangs sem til fellur og áætlað magns úrgangs, þ.m.t. hræ og lyfjaleifar.g) Mengunarslys og óhöpp sem kunna að verða, s.s. ef þró yfiryllisth) Skráning á frávikum og viðbrögðum með þeim.i) Kvartanir og athugasemdir sem berast vegna starfseminnar. | |
|--|--|

Skráningar skulu vera aðgengilegar heilbrigðisfulltrúum.

Starfsskilyrðin eiga sér m.a. stoð í eftirfarandi lögum og reglugerðum með síðari breytingum:

Lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, lögum nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs, efnalög nr. 61/2013, reglugerð nr. 888/2015 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (REACH), reglugerð nr. 737/2003 um meðhöndlun úrgangs, reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp,